

Ed. 462. Framhaldsnefndarálit [208. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1981.

Frá allsherjarnefnd.

Milli 2. og 3. umræðu hefur nefndin athugað breytingartillögu frá Guðmundi Vésteinssyni og Ólafi Ragnari Grímssyni um að kosningaaldur og kjörgengi í sveitarstjórnarkosningum verði 18 ár í stað 20 eins og nú er.

Nefndarmenn eru allir fylgjandi því, að kosningaaldur verði lækkaður í 18 ár. Allir stjórnarmálaflokkar, sem fulltrúa eiga á Alþingi, hafa markað þá stefnu. Nefndarmönnum er ljóst, að þar sem tími er skammur til stefnu, til sveitarstjórnarkosninganna í vor, er torvelt og að margra mati nær óframkvæmanlegt að koma ákvæðinu um 18 ára kosningaaldur í framkvæmd á þessu vori. Er því tillagan um lækkun nú dregin til baka.

Við undirritaðir nefndarmenn munum að hausti flytja frumvarp til breytinga á sveitarstjórnarlögum um að kosningaaldur verði færður niður í 18 ár.

Alþingi, 17. mars 1982.

Eiður Guðnason,
form., frsm.
Egill Jónsson.

Ey. Kon. Jónsson,
fundaskr.
Jón Helgason.
Stefán Guðmundsson.

Salome Porkelsdóttir.
Helgi Seljan.